

www.vh.is
heimasíða
dagsins
á leit.is

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

6. tbl. 13. árgangur • Október 2002



Blaðamaður Fréttabréfsins leit við í Leikskólanum Krílabæ í Þingeyjarsveit og heilsaði upp á hressa krakka þegar hann var á ferð um Reykjadalinn í síðustu viku. Þrátt fyrir miklar annir gáfu þau sér tíma til að stilla sér upp en báðu ljósmyndara Fréttabréfsins að vera fljótan svo þau gætu haldið áfram að leika sér.



Eftir hálf leiðinlegt veður í sumar hefur haustveðrið tekið vel á móti Þingeyingum eins og sjá má á eftirfarandi myndum. Þess má geta að veðurstofa Fréttabréfsins spáir rjómalíðu fram að áramótum.



Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur verður haldinn fimmtudaginn 17. október kl. 20:15 á Gamla Bauk. Félagar fjölmennið!

ÚTGEFENDUR:

Þingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað
mánudaginn 7. október 2002
og gefið út í 2000 eintökum.

Öflug starfsemi hjá Rúnari og Huldu

Á vordögum 1982 keypti Rúnar Óskarsson sinn fyrsta hópferðabíl til aksturs skólabarna úr Reykjavervi í Hafraækjarskóla. Það eru því liðlega 20 ár síðan hann hóf rekstur hópferðabíla.

Enn þann dag í dag sér hann um skóla-akstur í Reykjavervinu.

Strax á öðru ári hóf Rúnar smíði lítills fjallatrucks sem enn er í notkun. Smám saman fjölgaði bílunum og urðu þeir flestir 10 talsins og flutningsgetan á þriðja hundrað farþega.

Árið 1992 var rekstrarforminu breytt í hlutafélag, í eigu hjónanna Rúnars og Huldu Jónu Jónasdóttur og eru þau einu eigendur þess enn í dag.

Það sama ár var byggt húsnæði yfir starfseminna í Smiðjuteig, Reykjavervi.

Rúnar stofnaði annað fyrirtæki 1995 ásamt Birni Hólmgeirssyni og hlaut það nafnið Fjallasýn ehf. og sinnti það aðallega ferðamönnum utan háannar. Vetrarferðir voru þess aðalsmerki og var það mikið og krefjandi frumkvöðlastarf sem átti sér engan líkan úti á landsbyggðinni á þeim tíma. Til að hægt væri að bjóða upp á fjölþætta afþreyingu að vetri þurfti snjósleða, gönguskiðabúnað og margt fleira.

Nú er öll þessi starfsemi rekin í nafni Rúnars Óskarssonar ehf. sem kappkostar það að bjóða fjölþætta og persónulega þjónustu allt árið um kring.

Starfsmannafjöldi fyrirtækisins hefur verið misjafn, allt frá 4 upp í 12.

Fyrirtækið hefur viðtæk leyfi til reksturs hópferðabíla, ofurjeppa og til skipulagningar ferða innanlands (Ferðaskipuleggjendaleyfi) og er aðili að Samtökum ferðaþjónustunnar. (SAF)

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur

aukinn réttindi í sjúkrasjóði

Aukinn réttindi í Sjúkrasjóði V.M.H.

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur var haldinn 5. október s.l. Á fundinum var auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkt ný heildarreglugerð fyrir sjúkrasjóð félagsins sem tekur gildi um næstu áramót. Með nýjum reglum aukast réttindi félagsmanna til muna, m.a. hækka sjúkradagpeningar um rúmlega 20% auk þess sem önnur réttindi aukast.

Stjórnin endurkjörin

Á aðalfundinum var Ágúst Óskarsson endurkjörinn formaður félagsins og aðrir í stjórn eru Martha Dís Brandt, Kristín Rúnarsdóttir, Hafliði Jósteinsson og Laufey Marta Einarsdóttir. Í varastjórn voru kosin Anna Sigrún Jónsdóttir, Ólafur Sævar Gunnarsson og Elín Steingrímsdóttir.

Hádegisverðarfundur um markaðslaun

Á hádegisverðarfundum sem haldinn var eftir aðalfund V.H., fór Gunnar Páll Pálsson form. V.R. og varaform. L.Í.V. yfir aðferðafræði síðustu kjarasamninga, breytingar á kjarasamningi, markaðslaun, launaviðtöl og launaviðmiðanir.

Sagði hann að með breytingum á kjarasamningi hafi verslunarmannafélagin farið inn á nýja braut, þ.e. að setja í ákveðið form samskipti starfsmanna og launagreiðanda um laun og önnur atriði sem tengjast starfinu - launaviðtöl.

Verkefni stéttarfélaganna væri að standa á bak við félagsmennina, veita upplýsingar um

markaðslaun og hvetja þá til starfsmenntunar og annars náms sem styrki stöðu þeirra á vinnumarkaðnum og hækkaði laun. Á máli hans og fundarmanna kom fram að almennt virðist þessi aðferð hafa skilað góðum árangri, laun hafi hækkað og starfsfólk orðið meðvitaðra um stöðu sína og framtíð á vinnumarkaðnum. Um helmingur verslunar- og skrifstofufólks hefur átt viðtöl og hafa þau í mörgum tilfellum gefið starfsmönnum góðar hækkanir og/eða annarskonar hvatningu í starfi. Einnig eru dæmi um að fyrirtæki hafa nýtt þau til að styrkja samband sitt við starfsmenn og hvetja þá í starfi.

Verkefnið framundan er að hvetja verslunar- og skrifstofufólk til að kynna sér þennan möguleika og eiga viðtöl við yfirmenn sína um starfið og launakjör.

Aðalfundur

Starfsmannafélags Húsavíkur
verður haldinn fimmtudaginn 17.
október á Gamla-Bauk kl. 20:15.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Reglugerð starfsmenntasjóðs
3. Önnur mál

Í lok fundar verður boðið upp á
hefðbundnar veitingar.

Félagar fjölmennið

Stjórnin

Fjallalamb í forystu

Verkalýðsfélag Öxarfjarðar hefur gengið frá samkomulagi við Fjallalamb á Kópaskeri um kjör starfsmanna. Samkomulagið nær til starfsmanna í kjötvinnslu og sláturhúsi fyrirtækisins með gildistíma til ársloka 2003 og er viðbót við gildandi kjarasamning.

Samkomulagið felur í sér að laun starfsmanna í sláturhúsi fyrirtækisins verða þau bestu sem gerast við sauðfjárslátrun á Íslandi og hækka jafnframt um 5% um næstu áramót. Kristjana S. Helgadóttir trúnaðarmaður starfsmanna og Anna Jóhanna Guðmundsdóttir skrifstofumaður hjá Fjallalambi sáu ástæðu til að brosa þegar unnið var að frágangi samningsins.





Hér má sjá myndir sem teknar eru í Sláturhúsi Norðlenska á Húsavík en eins og menn vita þá stendur sláurtíð hvað hæst um þessar myndir.

„Newcastle“ maðurinn sigraði



Hafþór Hreiðarsson Laugarbrekku 14 Húsavík, sigraði í leik sem Heimasíða stéttarfélaganna stóð fyrir. Þrátt fyrir að halda ekki með rétta liðinu í enska boltanum tókst honum

að sigra í þessum leik. Kannski gott mál þar sem Newcastle er ekki á sigurbraut þessa dagana. Leikurinn fólst í því að vera fyrstur til að senda inn nafn og heimilisfang eftir kl. 14:00 ákveðinn dag og vinna sér þar með inn glæsilegt ritsafn Verkalýðsfélags Húsavíkur „Fyrir neðan bakka og ofan“ og skjalatösku. Mjög góð þátttaka var í leiknum. Sigurvegarinn sendi inn nafn og heimilisfang kl. 14:03. Fimm heppnir þátttakendur voru dregnir út og fengu til viðbótar skjalatösku að gjöf fyrir þátttökuna. Þau eru: Magnús Halldórsson, Karl Hreiðarsson, Guðrún K. Jóhannsdóttir, Ómar Örn Jónsson og Bjarki Halldórsson. Heimasíða stéttarfélaganna óskar sigurvegurinum til hamingju og þeim sem tóku þátt fyrir þátttökuna. Fleiri svona leikir eru fyrirhugaðir fram að júlum því er rétt að fylgjast vel með heimasíðu stéttarfélaganna vh.is. á næstu vikum.

Vika símenntunar gekk vel

Vika símenntunar var haldin dagana 8. - 14. september. Vikan, sem er á vegum menntamálaráðuneytisins, var nú haldin í þriðja sinn hér á landi og sér Mennta - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla um skipulagningu og framkvæmd hennar í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar um land allt. Tilkomu Viku símenntunar má rekja til þess að á 30. aðalráðstefnu UNESCO árið 1999 var samþykkt að hvetja aðildarlöndin til að halda árlega svokallaða „adult learners week“ frá og með árinu 2000 í tengslum við alþjóða læsidaginn 8. september. Í Þingeyjarsýslum var það Fræðslumiðstöð Þingeyinga sem sá um skipulagningu. Í tilefni af viku símenntunar fóru fulltrúar Fræþings í heimsóknir í nokkur fyrirtæki og stofnanir til að ræða starfsmenntun í atvinnulífinu. Um þessar heimsóknir sáu m.a.

Tryggvi Finnsson frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Aðalsteinn Á. Baldursson frá Skrifstofu stéttarfélaganna. Á myndinni má sjá starfsmenn Framhaldsskólans á Laugum hlýða á boðskap þeirra félaga um mikilvægi starfsmenntunar í atvinnulífinu.



468 1300
Þórshöfn

455 1310
Kópasker

SPARISJÓÐURINN
- fyrir þig og þína

VH skorar á ASÍ að taka málefni atvinnulausra upp við stjórnvöld

Á fundi í Verkalýðsfélagi Húsavíkur 20. ágúst voru málefni eldri borgara, skattamál og upphæð atvinnuleysisbóta til umræðu. Eftir töluverðar umræður var ályktun um velferðarmál samþykkt samhljóða. Í ályktuninni er þeim tilmælum m.a. beint til ASÍ að taka málefni atvinnulausra til umfjöllunar og krefjast bættra kjara fyrir það fólk sem býr við það hlutskipti að vera atvinnulaust. Að mati Verkalýðsfélags Húsavíkur hefur vantað að verkalýðshreyfingin gerði að umræðuefni stöðu og kjör þessa fólks sem á í miklum erfiðleikum. Verkalýðsfélag Húsavíkur væntir þess að Alþýðusamband Íslands taki málið upp sem fyrst við stjórnvöld og þá þætti sem tilgreindir eru í ályktuninni. Þá hefur einnig verið skorað á Starfsgreinasamband Íslands að taka málið til skoðunar.

SGS átti ánægjulega og vinnusama daga á Húsavík í september

Framkvæmdastjórn Starfsgreinasambands Íslands (SGS) hélt þriggja daga vinnufund á Húsavík í september vegna komandi ársfundar sem haldinn verður á Selfossi um miðjan október. Miklar umræður urðu á fundinum um starfsmenntamál, fiskvinnslu og sjávarútvegs- mál og komandi kjarasamninga sem losna haustið 2003 hjá Flóabandalaginu og um áramótin 2003/4 hjá öðrum félögum innan Starfsgreinasambands Íslands. Ekki liggur fyrir hvort félög innan SGS fara saman til viðræðna við samtök atvinnulífsins. Mikilvægt er að það

skýrist sem fyrst vegna undirbúnings félaga sem er að hefjast. Á laugardeginum var gert fundarhlé og þá bauð Verkalýðsfélag Húsavíkur gestum fundarins að skoða söfn á Húsavík, matvælaframleiðendur á Húsavík kynntu vörur sínar sem vöktu mikla athygli og farið var í siglingu um Skjálfaða. Gestirnir voru ánægðir með viðtökurnar á Húsavík og þá var öll þjónusta hótelsins til mikils sóma. Það voru því ánægðir gestir sem yfirgáfu Húsavík eftir hádegi á sunnudag. Verkalýðsfélag Húsavíkur vill þakka sérstaklega eftirtöldum aðilum fyrir

þeirra framlag er varðar heimsókn Framkvæmdastjórnar Starfsgreinasambands Íslands til Húsavíkur: Norðlenska, Fosshótel Húsavík, Heimabakarí, GPG-Fiskverkun, Gamla-bauk, Norðursiglingu, Hvalamiðstöðinni, Safnahúsinu á Húsavík, Íslenskum sjávarréttum, Fjallalambi, Búbót, Fiskbúð Húsavíkur, Arnari Guðmundssyni, Rúnari Óskarssyni, Ómari Gunnarssyni, Péttri V. Péturssyni, Krístrúnu Sigtryggisdóttir og Kristbjörgu Sigurðardóttur.



Framkvæmdastjórn Starfsgreinasambands Íslands hélt þriggja daga vinnufund á Húsavík í september sem tókst í alla staði mjög vel. Á myndinni má sjá framkvæmdastjórn hlýða á formann Verkalýðsfélags Húsavíkur þakka þeim fyrir komuna til Húsavíkur um leið og hann hvatti þá til að halda fleiri slíka fundi á svæðinu og jafnvel ársfundi og nefndi í því sambandi að við á væri góð aðtæða fyrir slíka fundi í Þingeyjarsýslum. Um þrjátíu manns komu til Húsavíkur vegna fundarins.



Vetrartími

Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík verður opin í vetur frá kl. 08:00 til 17:00. Um er að ræða einn lengsta opnunartíma á skrifstofu stéttarféлага á Íslandi.

Verðandi foreldrar athugið

Rétt er að ítreka að félagsmenn sem fara í fæðingarorlof og fá fæðingarstyrk frá Tryggingastofnun þurfa að láta draga af sér félagsgjald til stéttarfélaganna að öðrum kosti eiga þeir ekki rétt á fæðingarstyrk frá stéttarfélagunum.

Öflug starfsemi í Bárðardal

Að Stóruvöllum í Bárðardal er rekið lítið en öflugt fyrirtæki sem framleiðir ýmsar vörur úr mör sem keyptur er frá sláturhúsi Norðlenska á Húsavík og frá sláturhúsinu á Fossvöllum í Jökuldal. Eigandi fyrirtækisins er Garðar Jónsson sem stofnaði fyrirtækið 1991 ásamt Jóhönnu Rögnvaldsdóttur. Fyrirtækið vinnur úr um 45 til 50 tonnum af mör á ári. Mest er framleitt af hamsatólg og tólg. Þá framleiðir fyrirtækið um 20 þúsund útikerti á ári úr tólg. Til skoðunar er að flytja kertin á erlenda markaði. Unnið er að því að hanna sérstakar umbúðir fyrir kertin. Þá undirvinnur fyrirtækið tólg fyrir fyrirtæki í Keflavík sem kaupir hráefnið og notar í umhverfisvænar sápur sem seldar er undir merkinu Undri. Þegar búið er að vinna það sem hægt er úr mörnum fer afgangurinn í svínafóður sem er um 8 til 10 tonn á ári. Um 3 til 4 stöðugildi eru hjá fyrirtækinu. Fréttabréfið hvetur Þingeyinga til að styðja við bakið á Þingeyskri framleiðslu og kaupa gæðavörurnar frá Stóruvöllum.



Garðar Jónsson sagðist hafa fengið hugmyndina að stofnun fyrirtækisins þegar hann var á vertíð fyrir sunnan í „gamla daga“ og taldi sig ekki fá almennilega hamsatólg.

Aðalfundur Heilbrigðisdeildar VH

Aðalfundur Heilbrigðisdeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur verður haldinn mánudaginn 14. október kl.20:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kosning stjórnar
3. Starfsmenntunarmál
4. Önnur mál

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum verður Snyrtistofan Hilma með stutta kynningu á nýjustu litum og tísku í fördun. Að sjálfsögðu verður boðið upp á kaffiveitingar af bestu gerð.



Verkalýðsfélag Húsavíkur

Stjórn Heilbrigðisdeildar VH undirbýr aðalfundinn.

Laugafiskur tekur upp nýja vinnslulínu

Síðustu vikur hefur verið unnið að því að setja upp nýja vinnslulínu hjá Laugafiski í Þingeyjarsveit. Ljóst er að ný vinnslulína mun gjörbreyta vinnuaðstöðu starfsmanna sem ætti því að koma þeim og fyrirtækinu til góða. Þá á Verkalýðsfélag Húsavíkur í viðræðum við fyrirtækið um nýtt kaupakakerfi sem nú er til reynslu. Hugmyndin er að það verði tilbúið um næstu mánaðamót.



STUTTAR FRÉTTIR

Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktar um kjaramál

Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktaði um kjaramál og vinnubrögð fjármálaráðherra á fundi síðasta sunnudag. Hægt er að nálgast þær á heimasíðu stéttarfélaganna vh.is.

Menntasmiðja stéttarfélaganna

Nú er að fara af stað undirbúningsvinna á vegum Skrifstofu stéttarfélaganna að koma upp menntasmiðju stéttarfélaganna. Verkefnið miðar að því að auka þekkingu, fræðslu og áræði félagsmanna. Hugmyndin er að bjóða upp á námskeið s.s. sjálfs-eflingu, skyndihjálp, tölvunámskeið, ensku og allskonar tólmstundanámskeið. Reiknað er með að Fræðslumiðstöð Pingeyinga verði samstarfsaðili stéttarfélaganna og Landsmennt, fræðslusjóður verkafólks á landsbyggðinni styrki þetta verkefni. Nánar um þetta mál í næsta Fréttabréfi.



Forsvarsmenn fyrirtækja athugið!

Stéttarfélagin vilja hvetja fyrirtæki sem aðild eiga að fræðslusjóðum stéttarfélaganna og Samtaka atvinnulífsins til að setja upp áætlun um námskeiðahald í vetur og nýta þar með það fjármagn sem er til staðar fyrir fyrirtæki til að efla starfsmenntun í fyrirtækjum. Frekari upplýsingar og ráðgjöf er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þá eru starfsmenn stéttarfélaganna tilbúnir að mæta á fundi með starfsmönnum og stjórnendum fyrirtækja sé áhugi fyrir því.

Fræping semur við Skrifstofu stéttarfélaganna

Fræðslumiðstöð Pingeyinga og Skrifstofa stéttarfélaganna eiga nú í viðræðum um að Skrifstofa stéttarfélaganna taki að sér vissa þætti í starfsemi Fræþings í samvinnu við framkvæmdastjóra Fræþings. Um er að ræða

þætti eins og skráningu á námskeið, auglýsingasöfnun vegna námsvísis, hugmynda-vinnu varðandi bæklingagerð og aðstoð við viku símenntunar. Reiknað er með að gengið verði frá samningi í þessari eða næstu viku.

VH óskar eftir upplýsingum frá Vegagerðinni

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur óskað eftir skriflegum upplýsingum frá vegamálastjóra um stöðu og framtíð þjónustumiðstöðvar Vegagerðarinnar á Húsavík. Félaginu er kunnugt um að tveir af starfsmönnum stofnunarinnar sem voru við störf síðasta vetur eru nú hættir störfum án þess að ráðið hafi verið í störf þeirra. Annar þessara manna er rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Húsavík. Þá er einn starfsmaður í launalausum leyfi og annar í veikindaleyfi án þess að ráðnir hafi verið starfsmenn tímabundið til að gegna þeirra

störfum. Þá hefur Verkalýðsfélagið heimildir fyrir því að til standi að færa símaþjónustu á bakvöktum sem verið hefur á Húsavík til Akureyrar. Í bréfi til Vegamálastjóra leggur Verkalýðsfélag Húsavíkur mikið upp úr því að Vegagerðin haldi áfram þeirri þjónustu sem verið hefur á Húsavík og efla hana enn frekar í stað þess að draga úr starfsemi eins og ætla má á fyrirliggjandi upplýsingum sem félagið hefur undir höndum. Verkalýðsfélagið væntir þess að fá svör við fyrirspurnum félagsins til vegamálastjóra á næstu dögum.

Starfsmenn stéttar- félaganna á yfirreið



Starfsmenn stéttarfélaganna hafa undanfarið heimsótt fjölmarga vinnustaði á svæðinu og verður svo áfram í haust. Á myndinni er formaður VH, ásamt Anitu L. Þórarinsdóttur skólastjóra Barnaskóla Bárðdæla, Steini Jóhanni Jónssyni og Sigríði Sveinbjörnsdóttur sem starfa við þrif í skólanum.



Í ágúst stóð Flytjandi fyrir hópakstri vöruflutningabíla yfir Kjöl. Ferðin var farinn til þess að heiðra minningu frumkvöðla í stétt vöruflutninga. Af því tilefni var ákveðið að fara yfir Kjalveg, hina fornu þjóðleið milli norður- og suðurlands. Bílarnir lögðu af stað frá Varmahlíð og var þessi mynd tekin við það tækifæri af Sigurgeiri Aðalgeirssyni framkvæmdastjóra Alla Geira á Húsavík, sem fylgdi sínum mönnum úr hlaði, þeim Þorgími, Kjartani, Gunnlaugi og Svavari sem fóru ásamt fjölmörgum starfsmönnum Flytjanda yfir Kjöl þennan dag.



Það eru fáir Húsvíkingar og jafnvel Þingeyingar sem ekki hafa keypt sér miða í leikhús eða bíó í gegnum þennan glugga í Samkomuhúsinu á Húsavík. Innan við glerið er bíóstjórinn, Guðbergur Ægisson.

Eina bíóið á Húsavík hefur verið starfrækt frá 12. desember 1999. Þrír ungir menn standa að rekstri bíósins þeir Guðbergur Ægisson, Kristinn Wium og Kjartan Jónsson. Bíósyningarnar hjá þeim félögum hafa verið nokkuð vel sóttar enda reyna þeir að sýna ávalt nýjustu myndirnar sem bjóðast. Í þessari viku stendur bíóið fyrir bíóviku sem Skrifstofa stéttarfélaganna styrkir og var frítt á allar sýningar í vikunni. Ljóst er að mikilvægt er fyrir stað eins og Húsavík að hafa gott bíó og eiga þeir félagar heiður skilið fyrir að halda úti bíósyningum á staðnum. Á vegg í bíóinu má sjá bréf frá Tómsbundanefnd Húsavíkur þar sem nefndin lýsir yfir ánægju með hvernig til hafi tekist hjá núverandi rekstraraðilum í rekstri bíósins sem er góð viðurkenning fyrir strákana. Guðbergur sagðist bjartsýnn á framhaldið og vonaðist eftir að sjá sem flesta í bíóinu.



Tveir góðir Aðaldælingar stinga saman nefjum í Skógarétt, þeir Gunnsteinn í Presthvammi og Gísli í Lækjarhvammi. Eins og sjá má á myndinni hafa þeir snúið sér að barnapössun enda eiga þeir töluvert af barna- barna börnum.



Þingeyingar eru þekktir fyrir það að nýta sér vel það sem náttúran gefur af sér og búa til úr því allskonar vörur s.s. vín, saft, hlaup og sultur. Heiðurshjónin Jón Sveinn Þórólfsson og Sigríður Baldursdóttir eru ein af þeim fjölmörgu sem stunda þessa iðju. Um daginn voru þau að tína rífsber sem þau ætluðu að nota í rífsberjahlaup. Nokkrum dögum síðar gáfu þau blaðamanni Fréttabréfsins að smakka og bragðaðist hlaupið mjög vel.



Það er alltaf gott að koma í eldhúsið í Litlulaugaskóla. Á myndinni eru starfsmenn, Halla Grímsdóttir og Gerður Kristjánsdóttir, að ganga frá eftir að hafa gefið börnum og kennurum skólans að borða.

Námskeið í förðun

Skrifstofa stéttarfélaganna stendur fyrir þriggja tíma námskeiði fyrir félagsmenn í förðun í samstarfi við Snyrtistofuna Hilmu á Húsavík. Til greina kemur að halda slíkt námskeið á Kópaskeri og Þórshöfn verði næg þátttaka. Leiðbeinendur á námskeiðinu verða; Guðný Dóra Einarsdóttir snyrtifræðingur og Dagbjört Erla Gunnarsdóttir snyrtifræðingur. Hægt er að velja um tvo daga, miðvikudaginn 23. október eða fimmtudaginn 31. október. Námskeiðin fara fram í félagsaðstöðu stéttarfélaganna og hefjast kl. 20:00. Á námskeiðunum verða nýjustu litir og tíska í förðun kynnt og farið yfir grunnatriði förðunar og þátttakendur læra að mála sig. Þátttökugjald fyrir félagsmenn er kr. 1500 og kr. 3500 fyrir utanfélagsmenn. Skráning stendur yfir til 18. október á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Orlofshúsin í Dranghólaskógi og á Illugastöðum til leigu í vetur

Orlofshús Verkalýðsfélags Öxarfjarðar í Dranghólaskógi í Öxarfirði verður til leigu í vetur. Félagsmenn og utanfélagsmenn geta fengið húsið leigt. Um er að ræða vikuleigu, helgarleigu, leigu einstaka daga eða eftir frekari samkomulagi. Nánari upplýsingar fást á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þá verður orlofsbyggðin á Illugastöðum opin í vetur fyrir alla þá sem vilja njóta þess að dvelja í Fnjóskadalnum. Umsjónarmenn Illugastaða sjá um útleigu húsanna í vetur. Síminn hjá þeim er 462-6199. Rétt er að taka fram að opið er í fleiri orlofsbyggðum í vetur víðs vegar um landið, frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Námskeið fyrir iðnaðarmenn

Pingið hefur hug á að halda námskeið fyrir félagsmenn í vetur. Í því sambandi verður stuðst við þau námskeið sem eru í boði hjá Menntafélagi byggingariðnaðarins og Fræðsluráði Málmíðnaðarins sem eru fjölbreytileg námskeið. Þeir félagsmenn sem vilja að félagið beiti sér fyrir einhverjum sérstökum námskeiðum er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst. Þar er einnig hægt að fá blöð með upplýsingum um hvaða námskeið eru í boði.

Gjörbylting í vinnslu lambakjöts

Nýlega var gangsett nýtt og afar fullkomið vinnsluferfi fyrir úrbeiningu og snyrtingu á lambakjöti í kjötvinnslu Norðlenska á Húsavík, en óhætt er að segja að með tilkomu þess hafi hrein bylting orðið í vinnslu lambakjöts á Íslandi.

Vinnsluferfið er sérpantað frá Marel en fyrirtækið hefur áður hannað svipuð kerfi fyrir fisk, kjúkling og nautakjöt. Nýja vinnsluferfið er algjörlega sérhæft fyrir vinnslu á lambakjöti og er það fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Kerfið býður upp á margvíslega og fjölbreytilega möguleika fyrir Norðlenska. Rekjanleiki einstakra hluta lambsins nær nú allt aftur til bóndans og vinnuaðstaða starfsmanna gjörbreytist. Hægt er að halda utan um allar upplýsingar og kalla fram ítarlegt yfirlit yfir afköst, nýtingu og magn. Marel hefur átt gott samstarf við starfsmenn Norðlenska um þróun á kerfinu. Nýja kerfið hefur vakið töluverða athygli og m.a. sá landbúnaðarráðherra ástæðu til að gera sér ferð til Húsavíkur til að skoða kerfið. Hér má sjá Einar Örn Arnarson sem er margt til lista lagt úrbeina frampart af þingeyksu gæðalambi.



Réttað í Þistilfirði



Veðrið lék við menn og skepnur á réttardaginn 14. september síðastliðinn en hitinn fór yfir 20° þann dag. Það var því fjölmennt í Gunnarsstaðarétt og létt yfir mannskapnum í veðurblíðunni eins og sést á þessum brosmildu konum við réttarvegginn; það eru mæðgurnar Sigríður Jóhannesdóttir og Kristín Sigfúsdóttir frá Gunnarsstöðum ásamt Maríu Jóhannesdóttur frá Syðra-Álandi. Um 3 þúsund fjár fóru um Gunnarsstaðarétt þennan laugardag og var féð vel fram gengið eftir sumar á fjöllum.

Líney Sigurðardóttir

Demantshringurinn mikilvægur hlekkur í uppbyggingu svæðisins

SBA-Norðurleið og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga stóðu fyrir kynningarfundum í haust um "Demantshringinn" svokallaða en það er vegurinn um; Húsavík, Mývatnssveit, Möðrudalsöræfi, Jökulsá á Fjöllum, Kelduhverfi og Tjörnes. Til fundarins voru boðaðir fulltrúar frá Vegagerð ríkisins, ferðaþjónustuaðilum á svæðinu, sveitarstjórnunum og Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Það sem var sérstakt við fundinn var að hann var haldinn í hópferðabífið frá SBA-Norðurleið og hófst kl. 13:00 við Hótel Reynihlíð og lauk um kl. 18:00 við afgreiðslu BSH á Húsavík. Þá höfðu menn keyrt hringinn, flutt margar ræður og áð á nokkrum stöðum til að skoða nokkrar af þeim náttúruperlum sem prýða þessa einstöku leið. Um 25 manns tóku þátt í fundinum og voru umræður mjög líflugar á leiðinni. Fulltrúar frá Vegagerðinni fóru yfir hugsanleg vegastæði á nýjum vegi með Jökulsá og sögðu tvo kosti vera til skoðunar, það er vegur að vestan og austan Jökulsár. Um er að ræða svipaðar vegalengdir eða um 50 km leið. Ekki er ólíklegt að slíkur heilsársvegur kosti um einn milljarð, það er uppbyggður tvíbreiður vegur fyrir um 90 km hámarkshraða. Mikil umferð hefur verið um veginna niður með Jökulsá. Í júlí 2000 var gerð athugun á fjölda þeirra bifreiða sem fóru um veginn. Að meðaltali reyndust þeir vera um 300 á sólarhring sem er gífurlegur fjöldi þar sem veginnir eru mjög slæmir. Ljóst er að umferð bíla um veginna hefur aukist töluvert frá því að þessi könnun var gerð. Flestir voru á

því að nýr vegur ætti að liggja með Jökulsá að vestan, þannig þjónaði hann best ferðamönnum og þeim sem gera út á ferðaþjónustu á svæðinu. Þó heyrðust líka sjónarmið að vegurinn ætti að liggja með Jökulsá að austan. Ekki var að heyra að það yrði ágreiningur um vegastæðið því flestir töluðu um mikilvægi þess að þegar í stað fengist fjármagn frá ríkinu til að klára þetta þýðingarmikla verkefni fyrir ferðaþjónustu og atvinnulífið í heild á svæðinu. Fáist fjármagn til frekari framkvæmda og standist vegurinn umhverfismat verður hugs-

anlega hægt að keyra nýjan fullgerðan veg árið 2008 eða 2009. Sérstök nefnd sem skipuð var á sínum tíma af stjórnvöldum til að vinna að framgangi þessa mikilvæga máls mun fylgja því eftir og vonandi verður hægt að hefjast handa við nýjan veg með Jökulsá þegar á næsta ári eða þegar umhverfismat liggur fyrir. Rétt er að taka fram að Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktaði fyrir nokkru um Demantshringinn þar sem skorað var á stjórnvöld að setja aukið fjármagn í veginn svo hann komist sem fyrst í notkun.



Sjómennt tekur til starfa

Sjómennt fræðslusjóður Sjómanna-sambands Íslands og LIÚ hefur tekið til starfa. Verkalýðsfélag Húsavíkur, Þórshafnar og Öxarfjarðar eiga m.a. aðild að sjóðnum fyrir félagsmenn sem stunda sjómennsku. Þann 31. maí var undirritað samkomulag um starfsmenntun sjómanna á milli Samtaka atvinnulífsins (SA), Landssambands íslenskra útvegsmanna (LIÚ) og Sjómannasamband Íslands (SSI). Verkefnið fékk nafnið Sjómennt, starfsmenntun sjómanna og mun starfa sem tilraunaverkefni til 15. maí 2004. Til þessa áþáks í fræðslumálum sjómanna og útgerðar-fyrirtækja er varið samtals 45 milljónum króna á starfstímanum og kemur það frá Atvinnuleysisstryggingasjóði þar sem hluti tryggingagjalds fyrirtækja rennur til Sjómenntar. Hér er um álika fræðsluáttak að ræða og LandsMennt, starfsmenntun SA og verkafólks á landsbyggðinni og Starfsafl, starfsmennt SA og Flóabandalagsins sömdu um. Stjórn Sjómenntar hefur samið við Landsmennt um að sjá um daglegan rekstur sjóðsins. Úthlutunarreglur sjóðsins eru svipaðar reglum Landsmenntar.

Helstu verkefni Sjómenntar eru eftirfarandi:

- **Veita einstaklingum og útgerðum styrki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum**

verkefnisstjórnar.

- **Kanna þörf útgerða fyrir starfsmenntun sjómanna.**

- **Leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu.**

- **Styrkja nýjungar í námsefnisgerð og endurskoðun námsefnis.**

- **Styrkja rekstur námskeiða.**

- **Hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun.**

Þá skal það tekið fram að samstarfsverkefni á vegum tveggja eða fleiri aðila njóta forgangs

og er hvatt sérstaklega til samstarfs sjómanna og útgerða í þessu sambandi.

Sjómenn geta nú komið á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík eða á Þórshöfn og sótt um styrki hyggi þeir á starfstengt nám sem jafnframt gefur frekari upplýsingar.

Nánari upplýsingar um Sjómennt er einnig hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins: www.sjomennt.is. Þá er hægt að senda fyrirspurnir með tölvupósti: sjomennt@sjomennt.is.



Sjómenn og útgerðir báta og skipa eiga nú rétt á góðum styrkjum til starfsnáms eða námskeiða.

MOLAR MOLAR

Konfekt- og jólaskreytingar- námskeið

Fyrirhugað er að halda Konfekt – og jólaskreytingarnámskeið síðast í nóvember eða í byrjun desember. Námskeiðin verða haldin á Húsavík, Kópaskeri og Þórshöfn enda verði næg þátttaka. Einnig er möguleiki á að þau verði haldin víðar á svæðinu verði áhugi á því meðal félagsmanna. Námskeiðin verða auglýst nánar síðar.

Tölvunámskeið í boði

Tölvunámskeið eru fyrirhuguð í vetur fyrir félagsmenn stéttarfélaganna. Námskeiðin verða nánar auglýst síðar.

Samstarf Vlf. Öxarfjarðar og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis á Kópaskeri

Stjórn Verkalýðsfélags Öxarfjarðar hefur ákveðið að færa bankaviðskipti sín til útibús Sparisjóðs Þórshafnar á Kópaskeri. Félagið hafði áður verið í viðskiptum hjá Íslandsbanka hf. Þessi breyting var gerð í kjölfar könnunar á viðskiptaskilmálum innlánsstofnana á svæðinu og þar sem Sparisjóður Þórshafnar - Kópaskeri bauð bestu kjörin var ákveðið að beina viðskiptum félagsins til hans.

Samið við Öryggis- þjónustu Húsavíkur

Skrifstofa stéttarfélaganna og fyrirtæki sem hafa starfsemi að Garðarsbraut 26 hafa samið við Öryggisþjónustu Húsavíkur um að vakta húsnæðið um helgar og nætur. Um er að ræða samning sem gildir í eitt ár. Öryggisþjónusta Húsavíkur hóf starfsemi 1. október s.l. og hefur þegar tekið að sér að vakta þó nokkuð af fyrirtækjum og stofnunum á Húsavík. Þá hefur Verkalýðsfélag Húsavíkur samið við Öryggisþjónustu Húsavíkur um kaup og kjör starfsmanna sem ráðnir verða til fyrirtækisins. Aðaleigandi fyrirtækisins er Sigmar Tryggvason. Öryggisþjónusta Húsavíkur mun starfa í samstarfi við Öryggismiðstöð Íslands.



Sigmar Tryggvason mættur á vaktina.

Ríkisstarfsmenn í Starfsmannafélagi Húsavíkur

Próunar- og símenntunarsjóður Samflots er samstarfsvettvangur Starfsmannafélags Húsavíkur og annarra starfsmannafélaga við ríkisstofnanir um símenntun starfsmanna.

Sjóðurinn hefur gert samning við Fræðslu- setrið simennt.is um aðgang fyrir félagsmenn S.T.H. að fræðslu- og námskeiðsvef á www.simennt.is. Stofnaður hefur verið að-

gangur fyrir félagsmenn S.T.H. sem starfa hjá ríkisstofnunum og er þeim velkomið að athuga með aðgang sinn og skrá sig á námskeið. Ef einhverjir erfiðleikar eru við skráningu, þá vinsamlega hafið beint samband við umsjón@simennt.is eða Skrifstofu stéttarfélaganna sími 464-1301.

Farðu frá við erum að teikna!!



Þessir ungu nemendur Borgarhólsskóla ásamt kennara voru að teikna við Árholt á Húsavík þegar ljósmyndari Fréttabréfsins tók þessa mynd. Skólarinn á svæðinu hafa nýtt sér góða veðrið í haust og farið með nemendur út fyrir hinar hefðbundnu skólastofur sem mælst hefur vel fyrir hjá nemendum.

Ný námskeið fyrir byggingaverkamenn

Starfsmenntunarsjóðir verkafólks (Landsmennt/Starfsafl) og Samtaka atvinnulífsins

hafa í samvinnu við Menntafélag byggingariðnaðarins þróað nokkur námskeið

eru verkamönnum í byggingariðnaði.

Grunnnámskeið fyrir sérhæfða starfsmenn í bygginga- og mannvirkjagerð verður haldið dagana 18. - 19. október n.k.. Leiðbeinandi verður, Eyjólfur Bjarnason, tæknifræðingur hjá Samtökum iðnaðarins. Námskeiðið er m.a. opið félagsmönnum Verkalýðsfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna. Námskeiðið verður haldið á Akureyri og er félagsmönnum að kostnaðarlausu. Verði næg þátttaka verður námskeiðið haldið á Húsavík. Rétt er að hvetja byggingaverkamenn til að nýta sér þetta tækifæri og verða sér úti um góða starfsmenntun. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ályktun VH vekur athygli

Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktaði síðasta sunnudag um kjaramál þar sem m.a. er komið inn á þróun skattleysismarkna og persónuafsláttar. Félagið hefur fengið mjög góð viðbrögð við ályktunni og fjölmargir hafa haft samband og þakkað félaginu fyrir ályktunina og að vekja máls á þróun mála varðandi skattamál. Frá því staðgreiðsla skatta var tekin upp árið 1988 hafa skattfrelismörk stöðugt færst neðar. Í samantekt Fréttablaðsins kemur fram að á þessu ári megi hver einstaklingur hafa 67.468 krónur í mánaðarlaun áður en lagður er á hann tekjuskattur og útsvar. Hefði persónuafsláttur hins vegar fylgt verðþróuninni frá árinu 1988 væru þessi skattfrelismörk 93.688 krónur, eða 38,9% hærri. Þess utan er skattprósentan í staðgreiðslukerfinu nú hærri en hún var 1988. Þá var prósentan 35,20% en í dag er hún 38,54%.

Ár	Skattleysismörk á mánuði		
	Í raun krónur	Ætti að vera krónur*	Staðgreiðsluhlutfall
1988	44.183	44.183	35,20%
1989	49.465	53.518	37,74%
1990	53.988	61.459	39,79%
1991	58.750	65.641	39,79%
1992	60.144	68.091	39,85%
1993	57.477	70.879	41,34%
1994	57.199	71.935	41,84%
1995	58.416	73.160	41,93%
1996	58.522	74.807	41,94%
1997	58.466	76.159	41,25%
1998	59.867	77.425	39,02%
1999	60.848	80.087	38,34%
2000	63.488	84.100	38,37%
2001	65.131	89.684	38,76%
2002	67.468	93.688	38,54%

*Miðað við að upphæð persónuafsláttar hefði fylgt verðbólguþróun (neysluverðsvisiti) frá 1988. Eins og sjá má á þessari samantekt eru þetta mjög sláandi upplýsingar og koma illa við skattgreiðendur sérstaklega þó láglænaðir.



Torfi Aðalsteinsson er einn af þekktari byggingaverkamönnum á svæðinu sem hér má sjá í fæðingarorlofi.

SÖNGSKEMMTUN

í minningu

Braga Ingólfssonar

Á Fosshótel Húsavík

Laugardagskvöldið 26. október 2002 kl. 21:00

Tónlistarstjóri: Guðni Bragason

Fram koma: Hafliði Jósteinsson, Elvar Bragason, Guðni Bragason, Aðalsteinn Ísfjörð, félagar í Harmonikufélagi Þingeyinga og fl.

Sérstakir gestir: Pálmi Gunnarsson og Magnús Eiríksson

Kynnir: Sigurður Hallmarsson

Miðaverð kr. 1.500.- (dansleikur innifalinn)

Dansleikur að sýningu lokinni

Miðaverð á dansleik kr. 1.000.-



Styrktaraðilar:

Bílaleiga Húsavíkur • Fatabreinsun Húsavíkur
Grímur ehf. vélaverkstæði • Skarpur
Íslandsbanki • Hárgreiðslustofa Huldu
Skipaafgreiðsla Húsavíkur • Flytjandi
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Bókaverslun Þórarins Stefánssonar
Geiri Péturs ehf. • Heimabakari • Búbót ehf.
Skóbúð Húsavíkur • Norðlenska
GPG • Fosshótel Húsavíkur



Sjómennt er nýr fræðslusjóður útgerðarfyrirtækja og sjómanna.

- Sjóðurinn styrkir starfstengt nám og námskeið fyrir sjómenn!
- Samstarfsverkefni á vegum tveggja eða fleiri óskyldra aðila njóta forgangs hjá sjóðnum.



Sjómennt

Sættúni 1 • 105 Reykjavík • sími: 562 6480 • fax: 510 7549



Vefsiða:
www.sjomennt.is

Netfang:
sjomennt@sjomennt.is



ÍSLANDBANKI

Viðskiptavinir athugið:

nýtt símanúmer útibúsins á Húsavík er

440-3830

Starfsfólk Íslandsbanka á Húsavík